

STOFNSKRÁ

Breiðdalsseturs ses Breiðdalsvík

Nafn, heimili og tilgangur.

1. gr.

Safnið heitir Breiðdalssetur. Heimili og varnarþing safnsins er að Sæbergi 1, 760 Breiðdalsvík (Gamla kaupfélagið).

Breiðdalssetur er sjálfseignarstofnun, en stofnendur eru sveitarfélagið Breiðdalshreppur, kt. 480169-0779, Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir kt. 011148-7869 f.h. afkomenda Ingibjargar Árnadóttur konu dr. Stefáns Einarssonar og Ómar Bjarki Smáráson kt. 160450-2239 fyrir hönd aðstandenda G.P.L. Walker. Breiðdalssetur starfar í almannabágu samkvæmt gildandi lögum um starfsemi safna og siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM.

2. gr.

Stofndagur safnsins er 1. september 2015, en skipulagsskrá Breiðdalsseturs var samþykkt og undirrituð 26. nóvember 2010.

3. gr.

Hlutverk Breiðdalsseturs er varðveita, skrásetja, rannsaka og kynna sögu og menningu í Breiðdalshreppi og sérstaklega þéttbýlisins á Breiðdalsvík. Jafnframt gilda sömu þættir um arfleifð eftirtalinna vísindamanna, en sú arfleifð er varðveitt í Breiðdalssetri:

a) Dr. Georg P.L. Walker jarðfræðingur sem stundaði rannsóknir á jarðfræði Austurlands á árunum 1955 til 1965 og varðveitir Breiðdalssetur öll gögn og rannsóknaniðurstöður starfa dr. Walker.

b) Dr. Stefán Einarsson frá Höskuldsstöðum í Breiðdal, sem lengst af starfaði sem prófessor í hljóðfræði, enskum og íslenskum bókmenntum og málfræði við John Hopkins háskólann í Baltimore í Bandaríkjunum. Safnið varðveitir öll helstu gögn sem dr. Stefán lét eftir sig.

Sérstök áhersla skal lögð á safngripi sem hafa sögulegt gildi fyrir héraðið og alla arfleifð vísindamannanna tveggja sem áður eru nefndir.

Safnið setur sér markvissa söfnunar- og sýningarstefnu og starfar samkvæmt markmiðum þeirrar stefnu.

Söfnunar- og sýningarstefna safnsins skal endurskoðuð reglulega.

Stjórn.

4. gr.

Stjórn Breiðdalsseturs skipa fimm einstaklingar, hver eftirtalinna aðila tilnefnir einn fulltrúa:

